

8.12.2011

Alþingi
Erindi nr. P 140/727
komudagur 8.12.2011

Nefndasvið Alþingis

Á fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar er haldinn var þann 7. desember sl., var svohljóðandi bókun, er varðar frumvarp til laga um breytingu á hafnarlögum 66. mál samþykkt.

Lagt fram minnisblað Daníels Jakobssonar, bæjarstjóra, dagsett 5. desember sl., er varðar frumvarp til laga um breytingar á hafnalögum og umsögn Ísafjarðarbæjar. Bæjarstjóri gerir tillögu að eftirfarandi svari, hvað varðar umsögn Ísafjarðarbæjar.

„Bæjarráð leggst gegn því að bætt sé við almenn hafnalög sérstöku ákvæði varðandi einstakar hafnir. Standi vilji löggjafans til sérstakra aðgerða gagnvart Helguvíkurhöfn, er eðlilegra að gera það í sér lögum þar að lútandi, en bent er á að óskir um sams konar aðgerðir munu eflaust koma frá öðrum höfnum, sem kalla eftir fjárhagslegum úrbótum og aðstoð.“

Bæjarráð samþykk samhljóða ofangreinda bókun.

Virðingarfyllt,
Þorleifur Pálsson,
bæjarritari Ísafjarðarbæjar.